

# Velferð dýra

Aðkoma dýralækna

Dýralæknafélag Íslands
Bætum líf og líðan

Katrín Andrésdóttir f.h. Dýralæknafélags Íslands

*Lög nr. 55/2013, um velferð dýra.*
*1.gr.: „Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“*

# Dýralæknar vinna að velferð dýra

„Dýr eru skyni gæddar verur sem búa yfir tilfinningum og sjálfsvitund með svipuðum hætti og mannskepnan.

Velferð þeirra og vellíðan er eitt brýnasta viðfangsefni dýralækna. Þannig er það í verkahring dýralækna að stuðla að því að dýr séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsl og sjúkdóma. Ennfremur er mikilvægt að sjá til þess að dýrin geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“ [1)]

1) "Dýralæknar bæta líf og líðan" DÍ 2015



Dýralæknafélag Íslands

*Lög nr. 55/2013, um velferð dýra.*
*1.gr.: ,,Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.“*

„Loks eru dýralæknar málsvarar málleysingjanna, hvort sem í hlut eiga villt dýr, gæludýr eða búfé.

Dýrin skynja ótta, sársauka og vanlíðan. Þau skynja líka vellíðan, umhyggju og nærgætni. Þau búa yfir sjálfsvitund og bera skyn á stöðu sína innan hópins. Dýralæknar leitast við að glæða skilning almennings á tilfinningum, eðli og réttindum dýra, auk þess að beina sjónum að gagnsemi þeirra fyrir okkur mennina í stærra samhengi.“[1)]

1) "Dýralæknar bæta líf og líðan" DÍ 2015



Dýralæknafélag Íslands

# Dýralæknar vinna að velferð dýra

„Getur þú ímyndað þér líf húsdýra án dýralæknis?

Enga læknismeðferð þegar þau eru veik? Enga bólusetningu til að koma í veg fyrir sjúkdóma? Styttra og verra líf?

Öll dýr eiga skilið að vera heilbrigð og líða vel.



Dýralæknar gera sitt besta til að svo megi vera. Þeir hjálpa bændum að sinna búfénaði sínum. Og þeir hafa eftirlit með dýrum í sláturhúsum og dýragörðum, að sem best fari um þau.“[1)]

Dýralæknafélag Íslands

1) "Dýralæknar bæta líf og líðan" DÍ 2015

„Samband okkar mannanna við dýr er margþætt og flókið. Þannig erum við í senn vinir dýra og neytendur dýra. Við þróum tilfinningasamband við dýr en kjöt, mjólk og fiskur er okkur mikilvæg fæða.“[1)]



Því miður hefur vitund neytenda um uppruna matvæla dvínað nokkuð.
Við verðum að muna að kjúklingabringan var eitt sinn hluti af lifandi fugli og skinkan sömuleiðis af lifandi svíni.

1) "Dýralæknar bæta líf og líðan" DÍ 2015

Dýralæknafélag Íslands

# Dýralæknar þurfa að greina milli klínískra einkenna sjúkdóma og vísbendinga um skerta velferð.

**Heildstæð sýn**

- Ekki er nóg að greina að dýr sé veikt, umhverfið sé óheilnæmt eða framleiðni hjarðar minni en skyldi.
- Oft virðist fóðrun, aðbúnaður og þrif vera í góðu lagi en dýrin sýna samt merki um vanlíðan.

Dæmi: Friðlausir ungir graðhestar aleinir á sumrin, heilbrigð dýr í góðum haga eða hesthúsi.

Munum að hross eru hópdýr!



Dýralæknafélag Íslands

# Dýralæknar vinna markvisst að bættu heilbrigði og velferð dýra með:



- Vísindarannsóknum
- Fræðslu
- Ráðgjöf
- Samstarfi
- Störfum í stjórnsýslunni
- Þáttöku í gerð laga og reglugerða



Dýralæknafélag Íslands

# Velferð dýra

*Lög nr. 55/2013, um velferð dýra.*

6. gr. Almennt um meðferð dýra.

Skylt er að fara vel með dýr og ber umráðamaður ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lög þessi. Ill meðferð dýra er óheimil.

7. gr. Hjálparskylda.

Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber að veita því umönnun eftir föngum.

Dýralæknafélag Íslands

# Velferð veikra og slasaðra dýra

**Verkjastilling!**

- Júgurbólga í kúm og sauðfé
- Erfið fæðingahjálp
- Áverkar m.m.





Dýralæknafélag Íslands

# Velferð – alifuglar

http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/58b439f05a7f412f00256a07003476bc/654e8288a496794e00257deb004ae3ed?OpenDocument

## Velferð kjúklinga

### Dritbruni

Dritbruni hefur áhrif á leyfðan hámarksþéttleika kjúklinga í eldishúsum



*Alvarlegur dritbruni – flokkur 2*

## Velferð varphæna

Undanþáguheimild til goggstýfingar (touching)

Aðeins að undangengnu mati dýralæknis og í einstakum hópum.

Sólarlagsákvæði um hefðbundin búr



Dýralæknafélag Íslands

# Merking á eggjum –
# leið til að þrýsta á um breytingar?






„Sótspor á himnum“

[www.foodmiles.com/](http://www.foodmiles.com/)

Your **Cage** egg was brought into the world in Dorset (*DT11*).

Dýralæknafélag Íslands

# Velferð - Offóðrun og offita

## Offita hrossa

### Equine Metabolic Syndrome

(Insulin dysregulation syndrome, Equine syndrome X, Peripheral Cushing disease)

http://www.merckmanuals.com/vet/metabolic_disorders/equine_metabolic_syndrome/overview_of_equine_metabolic_syndrome.html

- Efnaskiptaröskun í hrossum (EMS) líkist að mörgu leyti sykursýki 2 í mönnum
- Orsakast fyrst og fremst af offitu og hreyfingarleysi.

Hófsperra er algeng afleiðing sjúkdómsins!



Dýralæknafélag Íslands

# Velferð – Hross og sýningar

Miklar kröfur í kynbótasýningum og gæðingakeppnum




## Folalda- og trippasýningar

### Myndbönd á netinu – hvað sjáum við?

Margir sjá miklar hreyfingar og vonir...

Ég sé yfirleitt dauðskelkað trippi leita að flóttaleið.

Dýralæknafélag Íslands

# Velferð - Svín



„Rúllupylsugyltur“

Bundnar gyltur

Halabit

Bógasár á gyltum





Áverkar eftir háþrýsti-þvott

Dýralæknafélag Íslands

myndir úr http://www.foedevarestyrelsen.dk/Publikationer/Alle%20publikationer/15069%20Dyrevelf%C3%A6rdsrapport_low_FINAL.pdf

# Hundar – óæskileg hegðun

- Hundar sem bíta fólk
- Hundar sem bíta sauðfé eða aðrar skepnur
  - Lausir hundar
  - Fjárhundar

**Þetta eru yfirleitt heimilishundar sem eigendum þykir vænt um**

Dýralæknar gera atferlis- og skapgerðarmat

Leiðbeina um þjálfun og atferli.



# Heimablindan

eða þetta hefur alltaf verið svona...

## Sauðfé

- Berar lambær að vori – skjólleysi
- Langir rekstrar

„Latrækt“ fé er oft vænt og vel gert (E & U) og á hreinlega erfitt með löng ferðalög.

- Aðgangur að hreinu drykkjarvatni
- Erfiðar réttir
- Stórhyrnt fé – burðarerfiðleikar

## Hestar

- Skjólleysi
- Langir rekstrar

  t.d. sleppitúrar og ferðir yfir hálendið
- Aðgangur að hreinu drykkjarvatni



Dýralæknafélag Íslands

# Ræktun á villigötum?



Belgian Blue – alltaf keisaraskurður



Snörlandi Persi



Schafer – oft vandamál í baki og mjöðmum

Dýralæknafélag Íslands

myndir: http://www.foedevarestyrelsen.dk/Publikationer/Alle%20publikationer/15069%20Dyrevelf%C3%A6rdsrapport_low_FINAL.pdf

# Innfluttar afurðir dýra

Strangar kröfur til dýravelferðar á Íslandi

Hvernig er velferðin í upprunalöndum innfluttra dýraafurða?

- Angórufiða
- Merinóull
- Gæsadúnn
- Loðskinn
- Gæsa&andalifrarpate
- Kjöt og mjólkurafurðir

**Rekjanleikinn skiptir miklu máli – ef neytendur sýna líka aðhald**



Dýralæknafélag Íslands

# „Vísindin efla alla dáð“

Dæmi um íslenskar rannsóknir sem hafa skilað sér í bættri velferð dýra:

- Rannsóknir á riðu
- Rannsóknir á garnaveiki og þróun bóluefnis
- Rannsóknir á kregðu og lungnapest, bóluefni í augsýn?
- Rannsóknir á spatti
- Rannsóknir á munnáverkum hjá keppnishrossum



Dýralæknafélag Íslands

# VIRÐING

„Dýr eru skyni gæddar verur. Við virðum eðlislæga eiginleika, sérkenni og þarfir dýra og erum málsvarar þeirra, hvort sem í hlut eiga villt dýr, gæludýr eða búfénaður.

Við virðum reynslu og þekkingu annarra, og tökum ábendingum og rökum opnum huga.

Á sama hátt ætlumst við til þess að virðing sé borin fyrir vísindalegum sjónarmiðum og faglegum rökum okkar.“[1)]

1) "Dýralæknar bæta líf og líðan" DÍ 2015



Dýralæknafélag Íslands

# Takk fyrir mig!




**www.dyr.is**
**www.facebook.com/dyralaeknar**

Dýralæknafélag Íslands